

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD**



Bramsberg

— / ARNAR OG IVAR —

# HÁMARK

PRÓTEINDRYKKUR

Rafduettinn hefur ekki enn fengið nafn en hér eru nokkrar hugmyndir sem strákarnir eru að velja úr: Mid-Century Future, Skinny-Pinganes, Coq-Tel, Velentro, Hello My Little Wild Cat, Midfield Astra og Der Falsch.



**BJÖRN BRAGI**  
**Uppáhaldsár frá fæðingu:** 1999 því það var árið sem ég glataði sakleysi mínu.  
**Uppáhaldsár í mannkyns-sögunni:** 1989 því þá féll Berlínarmúrinn, eitthvað sem ég hafði beðið eftir frá fæðingu minni.  
**Uppáhaldsleikkona á Íslandi:** Helga Braga Jónsdóttir.  
**Uppáhaldslag til að humma:** Stefið úr Gettu betur.  
**Það myndasta sem Dóri DNA hefur sagt:** Það er of gróft til að birtast á prenti.

**BERGUR EBBI**  
**Uppáhaldsár frá fæðingu:** 1997 því frá mínum sjónarhóli gerðist jafn mikið það ár og öll hin árin til samans.  
**Uppáhaldsár í mannkyns-sögunni:** 1806 því þá gerðist eitthvað Napóleón-dæmi en ég segi það bara til að gera símanúmerið mitt töff þar sem það endar á 1806.  
**Uppáhaldsleikkona á Íslandi:** Anna Svava Knútsdóttir.  
**Uppáhaldslag til að humma:** Mmm Mmm Mmm Mmm með Crash Test Dummies.  
**Það myndasta sem Dóri DNA hefur sagt:** Þessi flughræddi og orðheppni maður sagði eitt sinn í flugvél svo flugstjórinn heyrði: „If this is not a Boeing, I'm not going.“

HVOR ÞEIRRA ER FRÁ BELGIÚ? Mynd/Enir

## Draumurinn um rafduett

Mið-Íslands-meðlimirnir **Bergur Ebby** og **Björn Bragi** hafa ekki sagt skilið við grínið þó að nýi rafduettinn þeirra sé dauðans alvara.

„Hugmyndin kom til út af ljósmyndum sem hafa verið teknar af okkur Birni Braga,“ útskýrir Bergur Ebby Benediktsson en hann og sjónvarpsmaðurinn Björn Bragi Arnarsson hafa ákveðið að stofna saman rafduett. „Ef ég og Bergur erum tveir saman á mynd þá lítum við út eins og rafduett,“ bætir Björn við. Meðfylgjandi mynd er úr myndatöku sem Mið-Íslands hópurinn fór í hjá Erni Eyjólfssyni fyrir uppstandssýningaröð sem er framundan hjá hópnum. Að mati strákanna er það nákvæmlega svona sem rafduett lítur út.

Hvorugur þeirra hefur komið nálægt raftónlist áður en Bergur verður að teljast sá reyndari af þeim í tónlistarlífinu hérlandis enda gerði hann garðinn frægan með Sprengjuhöllinni um árið. „Mig hefur alltaf dreymt um að verða poppstjarna. Ég var alltaf í hljómsveit á mínum yngri árum en þær spiluðu aldrei neins staðar þannig að það er kannski ekki skrítið að það hafi

ekki tekist. Ólíkt við Berg sem ákvað að stofna hljómsveit sem yrði vinsæl og það tókst á einni nóttu,“ segir Björn. Bergur tekur undir orð hans og segist vera með jafngóða nýtingu í tónlist og Valdimar Grímsson hafði í vitum í handbolta.

**Ímyndin skiptir öllu**

Strákarnir hafa ekki ennþá haldið hljóm-sveitaræfingu en segja ímyndina skipta meira máli en tónlistina sjálfa. „Við viljum að fólk haldi að við séum frá meginlandi Evrópu, til dæmis Frakklandi eða Belgíu. Það er mikilvægt,“ útskýra þeir. Þó þeir séu ef til vill þekktari fyrir grínið þá ætla þeir að forðast allan húmor í tónlistinni. „Tónlistin er afleggjari fyrir okkur til að fá útrás fyrir alvarleikann,“ segir Björn og Bergur tekur í sama streng og segir ógnandi: „Ef það verður ógn af gríni í þessu viðtali þá munum við kaupa allt upplagið og líma það utan á brúna yfir Hringbrautina.“

**Nýtt uppstand í Kjallaranum**

Tónlistin á þó ekki mestan hug strákanna um þessar mundir því þeir eru ásamt félögum sínum í Mið-Íslandi, þeim Ara Eldjárn, Dóra DNA og Jóhanni Alfreði, að fara af stað með uppstandssýningaröð í Þjóðleikhúskjallaranum. Um áramótin sýndi Stöð 2 frá uppstandi Mið-Íslands fyrir á síðasta ári en Björn segir að strákarnir muni flytja nýtt efni á sýningunum nú. „Það er alltaf frábær stemning á uppstandskvöldunum og nú er bara markmiðið að fá sem flesta til að mæta,“ segir Björn.

Mið-Ísland hefur haldið vel heppnaðar sýningar í Þjóðleikhúsinu undanfarin tvö ár, bæði á stóra sviðinu og í Kjallaranum. „Á rúmum tveimur árum höfum við fengið 7500 gesti og það hefði aldrei tekist nema fólk væri ánægt,“ útskýrir Bergur Ebby, stoltur af árangrinum. „7500 ánægðir leikhúsgestir geta ekki haft rangt fyrir sér,“ segir Björn og hlær.

**FEITAST I BLAÐINU**

**4 Lára Rúnar-dóttir**  
er fegin því að 2012 sé búð og fagnar nýju ári í Viðey.

**6 Ólafur Darri**  
er stolt Íslands í stóru Hollywood en fleiri hafa fetað sömu braut.

**8 Hilmar Guð-jóns**  
er fegin að hafa ekki komist inn í leiklist í fyrstu tilraun.

**14 Ívar Schram**  
opnaði dyrnar fyrir Stílnum og fann sjö hluti í uppáhaldi.

*Efst í huga Monitor*

## Bjargvættirnir

Mjá, komiði sæl og blessuð. Janúar og allt að fréttu. Ég var eitthvað á ferðinni um helgina og sá þá alveg geggjáðar bílaraðir bæði í kringum Kringluna og Smáralind. Ég hugsaði bara: „Já fínt, já sæll, útsölnurnar eru hafnar.“ Ég vona innilega að fólk hafi náð að gera kjarakaup og eins vona ég að verslunareigendur hafi verið sáttir með gang mála. Eins liði mér einstaklega vel fengi ég að vita að öllum hafi vegnað vel í að skipta út og inn öllum jólagjöfum.

En það er nú ekki það sem ég ætlaði að spjalla um í þessum stutta pistli, heldur ætlaði ég að segja nokkur orð um skammdegisbjargvættina í handboltalandsliðinu okkar. Á laugardaginn er fyrsti leikurinn hjá strákunum okkar og er það í raun skylda okkar allra að senda þeim jákvæða strauma í það minnsta. Þeir hafa, eins og alþjóð veit, staðið sig með þróði á alþjóðlegum vettvangi undanfarin ár og hafa janúar-mánuðir síðustu ára bara flogið hjá eins og ekkert sé sjálfsagðara. Öll hugsun um kulda eða myrkur kemst ekki fyrir hjá okkur þar sem við erum svo upptekin af því að styðja strákana.

Nú hefur heldur betur átt sér stað endurnýjun í hópnum og menn á borð við Ólaf Stefánsson og Alexander Petterson verða fjarri góðu gamni. En þá er bara um að gera að horfa björtum augum til framtíðar því að þeir strákar sem eru að taka við keflinu standa sig með þróði hjá sínum félagsliðum og margir þeirra sem eru í hópnum nú hafa verið með landsliðinu í áratug. Þessi blanda af nýliðum og gömlum jálkum mun eflaust koma sér vel. Leikmenn liðsins fara pressulausir inn í mótið og hver sigur er bónus. Það er ég þó viss um að með jákvæðu hugarfari okkar allra fara strákarnir ótrúlega langt.

**ÁFRAM ÍSLAND.**

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Kristinn Ingvarsson (kristinn@mbl.is)  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

**MMM**  
**MONITOR MÆLIR MEÐ...**

**FYRIR ÞJÓÐINA**  
 Næst-komandi laugardag er fyrsti leikur íslenska landsliðsins í HM í handbolta. Leikurinn er gegn Rússlandi og hefst hann klukkan 17.00. Það er sjaldan sem eins mikill samhugur og stemning myndast hjá íslensku þjóðinni og mælir Monitor með því að fólk sameinist og fylgist með landsliðinu okkar og styðji það til sigurs.

**FYRIR SKYNSAMA**  
 Nú þegar jólin eru liðin undir lok og buddan heldur létt á sér eftir hátíðarnar er nauðsynlegt að byrja að hugsa skynsamlega. Þá er um að gera að smyrja sér hollt og gott nesti til að taka með sér í vinnu eða skóla. Þetta sparar eyðslu í óparfa sukk og dýrar máltíðir í hádegishléum.

**Vikan á facebook**

**Árni Torfason**  
 Djöfull sem ég hefði gaman af því ef Sturridge og Demba Ba myndu ekki skora mark í næstu 10 leikjum.  
 6. janúar kl. 23:27

**Kári Ársælsson**  
 Sit í makindum að horfa á FCB-ESP þegar Ásdís Guðmundsdóttir segir, "bíddu Barcelona-Spánn? Ég skil ekki". Það væri leikur sem maður væri til í að sjá :)  
 6. janúar kl. 18:14

**Hafliði Breiðfjörð**  
 Ég er stundum spurður afhverju ég er ekki með tattú, þetta er einfalt. Þú myndir ekki setja einhvern límmiða á Ferrari er það?  
 8. janúar kl. 22:00

**Hafliði Breiðfjörð**  
 Afhverju eru stelpurnar í dömbubinda auglýsingunum alltaf dansandi glaðar? Væri ekki raunverulegra ef þær væru brjáláðar í skapinu brjótandi allt og bramlandi?  
 5. janúar kl. 23:28

**Kjartan Atli Kjartansson**  
 Sögusagnir herma að flug-freyjur lelandair hafi reynt að láta flugdólginn fræga horfa á Skaupið og hann hreinlega snappað. Sel það ekki dýrara.  
 4. janúar kl. 15:27

**Aron Gunnarsson**  
 Alltaf gaman að missa af fluginu sínu eins og saudhaus!  
 4. janúar kl. 13:08

**Í hvernig fíling ertu svona í upphafi árs?**

Ég gæti ekki verið í betri fíling. Ég finn mikinn kraft og ég er nokkuð ánægð að hafa skilið við árið 2012 og að nýtt ár sé tekið við.

**Var 2012 svona erfitt?**

Já, það var svolítið erfitt. En þú hefur ekki pláss hjá þér í blaðinu til að fara yfir það.

**En nýtt ár, ný tækifæri og þú ætlar að slá upp veislu í Viðey á laugardaginn, ekki satt?**

Jú, mikið rétt. Allir synda sjósund yfir. Nei, en það væri samt æðislegt. Míg langaði svo að gera þetta í Viðey því þá fæ ég fólk með mér á einhverja eyju, þó að Ísland sé auðvitað eyja, en það er eins og maður sé kominn út í sveit og þar er ferskara loft. Svo er gott að fara í svona sjóferð sem tekur þó bara 5 mínútur.

**Koma þá ekki bara helstu aðdáendur þínir yfir í eyjuna fögru?**

Jú, sjálfsagt verður það svo en ég er samt að vona að ég nái fólk sem er tilbúið að upplifa smá-ævintýri. Ég skora á fólk að taka smá-áhættu. Ég er sannfærð um að það mun eitthvað sérstakt gerast þarna úti í eyju, það er einhvern andi þarna yfir vötnum.

**Muntu spila lög einvörðungu af Moment eða verður þetta blanda af lögnum þínum?**

Öll lögin af Moment verða flutt og hún verður í aðalhlutverki en ég ætla líka að taka einhverja hittara, bæði eftir sjálfa mig og aðra.

**Platan þín, Moment, sem kom út fyrir jólin er með eilítið dekkri hljómi en til dæmis Surprise. Varstu að létta einhverju miklu af þér á nýju plötunni?**

Já, ég var að vinna úr þessu öllu sem gerðist árið 2012. Nei, ég meina, það er svo margt sem kemur upp á og maður þarf einhvern veginn að fá útrás, kryfja og túlka og það er tónlistin í mínum huga. Ég á mjög erfitt með að gera ópersónulega tónlist þó tónlist sé eflaust sjaldan eitthvað annað en persónuleg. En hún er dekkri þar sem ég er búin að vera að hlusta sjálf á slíka tónlist og eins hefur það sem ég er búin að vera að lesa þessi áhrif á mig. Ég var í tilfinningalegri úrvinnslu og það getur tekið á. En sömuleiðis er ég frekar glaðlynd og poppið skín alltaf í gegn.

**Var þetta sem þú varst að lesa eitthvað sem tengist kynjafraedinni?**

Já, meðal annars. Kynjafraedin tekur á andlega, alla vega hjá mér. Ég þurfti smá-tíma til að melta þetta og suma daga vissi ég ekki í hvorn fótinn ég ætti að stíga. Þetta eru ótrúlega erfíð mál sem verið er að ræða eins og mansal, klám, vændi og nauðganir. Það tekur á.

**Hvernig samt svona í alvöru er lífið hjá þér, Adda og fjögurra ára dóttur ykkar, henni Embla? Hvenær eru fjölskyldustundirnar hjá tónlistarfólki eins og ykkur?**

Við leggjum mikið upp úr því að eiga stundirnar og púslum alltaf þannig að vera ekki í burtu þegar Embla er vakandi. Við stingum bara af og skiljum hana eftir eina heima þegar hún er sofnuð, nei, djók (hlær). Við fáum þá pössum eftir að hún er sofnuð og þá förum við á hljómsveitaræfingu því þær fara yfirleitt fram á kvöldin. Annars er karakter Emblu ótrúlega kúl og það hentar henni vel að vera á tónleikaferðalagi, henni finnst það skemmtilegt. Við förum með hana í hitteðfyrri á tónleikaferð um Evrópu og hún gat verið með okkur mestallan tímann en svo fengum við au-pair til að passa rétt á meðan við spiludum. Embla er því alin upp í rokkbransanum og er farin að syngja og spila á trommur og er upprennandi stjarna. En vissulega er þetta púsluspil en það gengur upp þar sem við eigum góða að.

**Hvað er svo framundan á þessu magnaða ári 2013?**

Á planinu er tónleikaferð erlendis og almennt stuð. Svo ætla ég að lesa meiri kynjafraedi og skila af mér meistaraþrófsritgerð í henni eftir ár.

# Skorar á fólk að taka áhættu

Lára Rúnarsdóttir gaf út plötuna **Moment** fyrir jólin og ætlar að slá upp veislu í Viðey á laugardaginn.

**LÁRA RÚNARS**

**Fyrstu sex:** 041082.

**Uppáhaldstónlistarkona:** PJ Harvey.

**Uppáhaldsleikkona:** Natalie Portman.

**Uppáhaldskona:** Mamma.

**Lag á heilanum þessa stundina:** Lag með Pétri Ben. þar sem hann syngur „Close Your Eyes Now Honey Bunny“. Lagið heitir Runes.

**TÓNLEIKARNIR**

**Hvar:** Viðey.

**Hvenær:** Laugardaginn 12. janúar.

**Sala:** Mídi.is.

**Miðaverð:** 2500 krónur.

**Hvernig:** Tveir bátar frá bryggju, annar 19.30 og hinn 20.30.

Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum  
Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð

# MIÐ-ÍSLAND

## i Kjallaranum

„Ekki veit ég hvernig samningurinn sem Mið-Íslandshópurinn hefur gert við grínguðina hljóðar í smáatriðum en hann hlýtur að vera besti díll Íslandssögunnar því á sviði finnst ekki fyndnara lið.“

-Kjartan Guðmundsson,  
blaðamaður á Fréttablaðinu

„Fór með stórum vinkonuhópi og við náðum varla andanum af hlátri. Mæli með Mið-Íslandi - hiklaust!“

-Hildur Sigurðardóttir, eigandi Reykjavík Letterpress

„Dásamlega skemmtilegt. Píssaði næstum í mig af hlátri.“

-Helga Braga  
Jónsdóttir, leikkona

### NÆSTU SÝNINGAR

Lau. 12. janúar kl. 20  
Lau. 19. janúar kl. 20  
Lau. 19. janúar kl. 23  
Lau. 26. janúar kl. 20  
Fim. 31. janúar kl. 20



midi.is



Miðasala á midi.is og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

**María Ellingsen** lauk námi í leiklist hjá New York University. Nokkrum árum eftir útskrift vann hún sem aðstoðarleikstjóri við leikrit í hennar gamla skóla og þá fór af stað atburðarás sem endaði með því að hún flutti til borgar englanna á vesturströndinni. Hún fékk fljótlega hlutverk í sápuóperunni Santa Barbara sem veitti henni einmitt atvinnuleyfi í henni Ameríku árið 1990. Við tók mikil vinna en hún lék í 170 þáttum á rúmu ári. Eftir sjónvarpið lá leiðin á hvíta tjaldið en hún fékk hlutverk í þremur myndum. Í glæpamyndinni Curacao fóru George C. Scott og William Petersen með aðalhlutverkin og í The New Age lék María með Judy Davis og Peter Weller. Þá var hlutverk í Disney-myndinni D2: The Mighty Ducks sérstaklega skrifað fyrir hana þar sem óvinaliðið á íshökkísvellinu var íslenskt. Hún lék einmitt forsprakka íslenska liðsins en Emilio Esteves fór fyrir hinu liðinu.



**MARÍA ELLINGSEN**



MARÍA Í SÁPUNNI OG ÖNDUNUM

**Ólafur Darri** hefur fyrir löngu sannað sig sem einn af okkar betri leikurum. Hollywood-draumur hans hófst þegar hann fékk lítið hlutverk í Contraband sem Baltasar Kormákur leikstýrði. Þar lék hann stýrimanninn Olaf og leið eflaust vel undir stjórn Balta enda hafa þeir unnið saman í mörgum sýningum og bíómyndum hér á landi. Nú hafa Ólafi opnast nýjar dyr inn í stóru kvikmyndaborgina og mun Ólafur annars vegar leika í spennamyndinni A Walk Among the Tombstones í leikstjórn Scott Franks en þar fer Liam Neeson með aðalhlutverkið og hins vegar í sjónvarpsþáttaseríunni True Detectives með Matthew McConaughey og Woody Harrelson í aðalhlutverkum.

**ÓLAFUR DARRI**



ÓLAFUR LÉK NAFNA SINN OLAF Í CONTRABAND



Það er alltaf mikið gleðiefni þegar **Íslendingum** gengur vel á erlendum vettvangi. Því voru margir sem glöddust í lok síðasta árs þegar fréttir bárust af því að tvö spennandi Hollywood-verkefni væru á döfinni hjá **Ólafi Darra Ólafssyni**. En eins og margir vita þá er Ólafur Darri ekki sá fyrsti sem gerir garðinn frægan í borg englanna og til gamans tók **Monitor** saman nokkra íslenska leikara sem eiga það sameiginlegt að hafa reynt fyrir sér í **Hollywood** með prýðisgóðum árangri.

Uppfærsla Vesturports á hinu sígilda verki Rómeó og Júlía markaði upphafið að glæstu gengi leikhópsins. Í sýningunni lék **Gísli Örn** Rómeó en eiginkona hans, Nína Dögg Filippusdóttir, fór með hlutverk Júlíu. Það var einmitt þessi sýning sem kom Gísli Erni bakdyramegin inn í Hollywood því að leikstjórinn Mike Newell sá sýninguna í London og sagði hana þá bestu sem hann hafði séð. Í framhaldinu bauð leikstjórinn Gísli hlutverk í myndinni Prince of Persia: The Sands of Time en Gísli þurfti ekki einu sinni að fara í prufu. Í myndinni fór Gísli með hlutverk illmennis, leiðtoga Hassansins og bar nafnið Zolm. Aðalhlutverkið var í höndum Jake Gyllenhaal en einn af framleiðendum var enginn annar en Jerry Bruckheimer.

**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON**



GÍSLI LÉK ILLMENNID ZOLM




**ANÍTA BRIEM**

Þjóðleikhúsinu. Sautján ára gömul flutti hún til London, lauk þar menntaskóla og hóf nám við virtan leiklistarskóla þar í borg, Royal Academy of Dramatic Art eða RADA, þaðan sem hún útskrifaðist árið 2004. Fjórðum árum síðar var hún búin að leika í sinni fyrstu Hollywood-mynd en hún fór með hlutverk Hönnu í myndinni Journey to the Center of the Earth en mótleikarar hennar voru Brendan Fraser og Josh Hutcherson sem fór einmitt með eitt af aðalhlutverkum í Hunger Games. Aníta fer með hlutverk Celine í myndinni Elevator sem frumsýnd verður 20. janúar í Bandaríkjunum.



ANÍTA Í 66°N JAKKA. SIGURJÓN SIGHVATS FRAMLEIDDI MYNDINA



Magnús Scheving er nú heldur þekktari fyrir frammistöðu sína sem íþróttaálfurinn í Latabæ.

**MAGNÚS SCHEVING**

Vörumerkið Lazytown er afskaplega stórt og þekkt um allan heim en eins og flestir vita þá er Magnús meira en bara íþróttaálfurinn, hann skapaði Latabæinn á sínum tíma og hefur alla tíð verið maðurinn í brúnni í útrás barnaefnisins. Árið 2010 fékk Magnús þó smjörþefinn af Hollywood-draumnum en hann sótti um hlutverk í myndinni The Spy Next Door og fékk hann að lokum hlutverk illmennisins Antons Poldark. Poldark þessi er rússneskur hryðjuverkamaður sem ætlaði sér að eyðileggja ferskvatnið í Bandaríkjunum. En illmennið beið lægri hlut gegn Jackie Chan og félögum.



HERRA SCHEVING VERÐUR ALLTAF FLOTTASTUR SEM SPORTACUS



**INGVAR E.**

Ingvar E. Sigurðsson hefur leikið í fjölda kvikmynda og leikrita hér á landi og er einn af stofnumum fjöllistahópsins Vesturports sem sett hefur upp frægar leiksýningar á óhefðbundinn hátt við góðan orðstír bæði hér heima og erlendis. Ingvar fór í prufur til L.A. þegar aðstandendur myndarinnar K-19: The Widowmaker voru að leita að leikurum í hlutverk sovéskrar áhafnar kabátsins. Hann neitaði fyrst hlutverkinu þar sem hann taldi sig vera upptekinn í leikhúsinu hér heima en aðstæður breyttust hér



INGVAR E VAR NOKKUD OFT FYRIR AFTAN FORD OG NEESON



heima og Ingvar komst út og lék nokkuð veigamikil hlutverk í myndinni þar sem Harrison Ford og Liam Neeson fóru með aðalhlutverkin. Ólafur Darri og Ingvar ættu því bráðlega að geta spjallað um Liam Neeson.



**KEIKÓ**



SAGA KEIKÓ ÆTTI AÐ VERA KENNÐ Í GRUNNSKÓLUM LANDSINS




Keikó var veiddur við strendur Íslands árið 1979 og fluttur í Sædýrasafnið í Hafnarfirði. Premur árum seinna var hann seldur í Marineland í Ontario þar sem hann hóf að sýna almenningi listir sínar. Árið 1985 fór hann í Reino Aventura-garðinn í Mexíkó sem í dag er þekktur sem Six Flags. Árið 1993 öðlaðist hann svo heimsfrægð þegar hann var stjarnan í myndinni Free Willy. Tveimur árum seinna voru samtökin Free Willy-Keiko Foundation sett á laggirnar og stefnan sett á að sleppa honum lausum í hans náttúrulega umhverfi. Eftir aðlögunartíma sinn í Oregon var hann fluttur heim til Íslands 9. september árið 1998. Keikó lést árið 2003 við strendur Noregs og til að heiðra minningu hans söfnuðust 700 manns saman í Sædýragarðinum í Oregon.

**WOOD  
IN OKKAR**

Í þessari upptalningu er óhjákvæmilegt að minnast á Gunnar Hansen sem fyrstur manna fór með hlutverk fjöldamorðingjans Leather Face í myndinni Texas Chainsaw Massacre sem frumsýnd var í Bandaríkjunum árið 1973. Gunnar flutti til Bandaríkjanna einungis fimm ára og fékk tilboð um að leika í frumraun sinni á hvíta tjaldinu þegar hann var í háskóla. Það fannst honum hljóma sem finasta sumarvinna. Gunnar er í dag töluverð godsögn í heimi hryllingsmyndanna, hann hefur hafnað nokkrum tilboðum í gegnum tíðina, meðal annars The Hills Have Eyes og eins hefur hann leikið í fleiri hryllingsmyndum og má þar nefna myndina Mosquito. Gunnar vinnur við ritstörf þar ytra og heldur úti vefnum gunnar-hansen.com.



GUNNAR ER GODSÖGN Í HRYLLINGSMYNDAHEIMINUM



**GUNNAR HANSEN**



**BERGLIND ÓLAFSDÓTTIR**



Berglind Ólafsdóttir, eða Berglind Icey eins og kölluð í Hollywood, hefur starfað sem fyrirsæta og leikkona á vesturströnd Bandaríkjanna í hátt í tvo áratugi. Þar hefur hún leikið í bíómyndum, raunveruleikaþáttum og leiknum þáttum. Til að mynda lék hún einu sinni kynlífsdjöful í þáttunum Scare Tactics og árið 2004 var hún St. Pauli-stelpan, það er að segja hún prýddi allar bjórflöskur frá St. Pauli. Árið 2002 fór Berglind með hlutverk Pole Cat Stripper í myndinni The Hot Chick þar sem Rob Schneider var í aðalhlutverki og sama ár lék hún Big Bottom Girl í myndinni The Master of Disguise sem Adam Sandler framleiddi. Í viðtali við Maxim á netinu viðurkennir hún að hafa stundað kynlíf á jökli.



ICEY LÉK Í HOT CHICK AF ÁSTÆDU

**ÚTSALAN  
ER HAFIN**

**40%**  
afsláttur  
af öllum útsölskóm

**gs skór**

Kringlunni - Smáralind  
s. 512 1760 - s. 512 7700  
ntc.is - erum á facebook

# Of jákvæður til að verða rappari

**Hilmar Guðjónsson** fer með aðalhlutverk í *Músum* og mönnum í *Borgarleikhúsinu*. Hann ræddi við **Monitor** um leikaraskapinn í boltanum, IRC-ið sáluga og það að breyta heiminum.

**É**g hef fílað mig virkilega vel í þessu, hef verið eins og svín í skít," segir leikarinn Hilmar Guðjónsson um líðan sína í hlutverki George í jólasýningu *Borgarleikhússins*, Mýs og menn. Frá útskrift úr leiklistardeild LHÍ vorið 2010 hefur Hilmar verið fastráðinn við *Borgarleikhúsið* og túlkað fuglahræðuna í *Galdrakarlinum* í *Oz* og Alexander í *Fanný* og Alexander, svo dæmi séu tekin. Hann fór einnig með aðalhlutverk í kvikmyndinni *Á annan veg* og fyrir frammistöðu sína í myndinni fékk hann Shooting Star-útnefningu sem einn af tíu efnilegustu leikurum Evrópu árið 2012.

Blámaður Monitor settist niður með þessum orkumikla leikara, sem jafnframt er útskrifaður úr Hússtjórnarskólanum í Reykjavík, og ræddi við hann um leikaraskapinn í leikaraboltanum, IRC-ið og Facebook, dansinn á djamminu og þar fram eftir götunum.

Texti: Einar Lövdahl  
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is  
styrmirkari@mbl.is

**Nú kvöddu landsmenn jólin í upphafi vikunnar og árið 2013 er gengið í garð. Hvernig leggst þetta allt saman í þig?**

Þetta leggst rosalega vel í mig. Ég er að sýna þessa skemmtilegu sýningu, Mýs og menn, á kvöldin og er svo bara á leið í fæðingarorlof þannig að ég sé fram á virkilega skemmtilegan tíma með dóttur minni og kærustu. Síðan lítur sumarið líka vel út svo þetta er allt á leiðinni í „skeytin“.

**Náðir þú alveg að halda hátíðarnar með hefðbundnum hætti þrátt fyrir að fara með aðalhlutverk í jólasýningu Borgarleikhússins?**

Jólin voru yndisleg, þetta voru fyrstu jólin með dótturinni og fyrir vikið gekk jólahald í gegnum algjöra endurnýjun lífdaga í mínu lífi. Engu að síður var þetta þannig að maður var kannski í jakkafötunum en var samt alltaf með hausinn í leikhúsinu. Síðan einkenndist aðventan bara af trilljón æfingum. Við kærastan mín náðum sem betur fer að redda öllum gjöfum í einni bæjarferð. Það var alveg stórkostlegt.

**Horfum aðeins til baka. Þegar KR varð bikarmeistari í fótbolta sumarið 1999 birtist þú í nærmynd í beinni útsendingu á RÚV, hágrenjandi af gleði. Þetta var þó ekki frumfrun þín í sjónvarpi, var það nokkuð?**

Vissulega ekki, ég kom til dæmis fram í Hemma Gunn og Stundinni okkar sem dansari. Þegar ég var yngri var ég sem sagt að læra rokkdans. Ég nýt klárlega góðs af því í dag, það er að segja varðandi það að koma fram.

**Hvernig lá leið þín í rokkdansinn?**

Ég byrjaði þegar ég var svona átta ára og mig grunar að þetta hafi verið afsökun hjá mömmu minni og mömmu dansfélaga míns fyrir því að geta skutlað okkur tveimur á dansæfingar og farið síðan saman á kaffihús og slúðrað í klukkutíma (hlær). Þær eru einmitt gamlar vinkonur úr dansi.

**En hefur þetta nýst þér fyrir „dansinn á djamminu“?**

Ég segi það nú ekki, þótt það væri fáránlega gott að taka rokkdans á dansgólfinu (hlær). Kannski hafði þetta í för með sér að maður var ófeimnari við að dansa á skólaböllum eða eitthvað. Mér hefur alltaf þótt gaman að dansa, ég fæ útrás út úr því.

**Þú varst líka í fótbolta af krafti á þínum yngri árum í KR og stundar íþróttina enn í dag með fleiri leikurum**

**vikulega. Hversu mikið vandamál er leikaraskapur í þeim fótboltafélagsskap?**

Hann er ekkert sérstakt vandamál, sem betur fer (hlær). Hann er samt notaður svona af og til í gríni, ef menn klúðra til dæmis færum þá láta menn sig stundum falla með tilþrifum í gríni. Það er samt góð pæling hvort háskólamenntaðir leikarar séu betri í leikaraskap í fótbolta heldur en aðrir. Ég er líka í öðrum fótboltahöpi og ég þyrfti eiginlega að láta reyna á þetta þar, sjá hvort ég komist alltaf upp með einhverjar dýfur.

**Á fótboltaárum þínum varst þú líka í hlutverki Rauða ljónsins, lukkudýrs KR-inga. Má segja að það hafi verið táknrænt fyrir togstreituna milli fótboltamannsins og leikarans í þér?**

Það er reyndar mjög góð pæling, það má líklega segja að þetta hafi verið einhvers konar brú þarna á milli. Þetta var sjúklega gaman, búningurinn var einmitt saumaður á mig, ég mætti tvisvar í einhvers konar mælingu og mátun. Í seinni tíð hef ég líka tekið eftir því að búningurinn passar mjög illa á þá sem hafa verið í þessu hlutverki á eftir mér, þar sem flestir eru stærri en ég þá sést alltaf svona í beran háls undir höfuðstykkinu (hlær).

**Ætlaðir þú þér snemma að verða leikari?**

Já, það má segja það. Ég ætlaði upphaflega alltaf að spila með meistaraflokki KR í fótbolta en eftir að ég smakkaði sviðið þá var ég alltaf á leiðinni þangað. Ég man að þegar ég sótti um í Kvennó hugsaði ég að mig langaði að skemmta mér í menntaskóla með vinum mínum áður en ég færi síðan í leiklistarnám, svo ég hef verið svona sextán ára þegar ég var búinn að ákveða þetta. Ég man líka eftir að hafa hugsað um þetta leyti að ég vildi alls ekki fá mér tattú því það gæti mögulega komið niður á mér í leiklist einhvern tímann (hlær).

**Dans- og leiklist eru þó ekki einu listgreinarnar sem þú hefur daðrað við, er það? Mér skilst að þú eigir feril að baki sem rappari.**

Ertu þá að vísa í MC Rjóma? Það blundar vissulega í mér rappari, ég rappaði eitthvað í gagnfræðaskóla. Þrettán ára gamall rappaði ég til dæmis í hléi á tónleikum hjá Subterranean og ég rappaði í dómarafléinu á Rímnaflæði, af því að ég vildi ekki vera með í keppninni sjálfri. Þetta var svolítið steikt, þetta var meira í gríni en af alvöru hjá mér af því að mér fannst ég ekki alveg passa inn í rapparatýpuna. Allar fyrirmyndirnar í rappi voru alltaf svo reiðar út í allt og alla en ég var einhvern veginn allt of

jákvæður fyrir þetta, mér fannst allt bara fínt (hlær). Ég var meira svona: „Þessi gaur, hann er bara mjög finn – og þessi gaur er líka flottur,“ í staðinn fyrir að vera eitthvað að hrauna yfir menn. Ég hékk ekki lengi inni í þessu en mér finnst ennþá gaman að semja texta og svona.

**Þú hefur sem sagt ekkert verið að dreifa lögunum þínum á IRC-inu eða eitthvað?**

Nei, reyndar ekki en ég var samt mjög duglegur á IRC-inu. Ég notaði „taggnafnið“ mitt Zear, sem er orð sem ég bjó til.

**Hvort hefur IRC-ið eða Facebook skipað stærri sess í þínu lífi?**

Ég er ekki á Facebook lengur, ég var bara í nokkra mánuði og hætti svo. Ég hugsa að ég verði því að segja IRC-ið. Það er einhvern veginn ekki alveg jafnmikill ímyndarleikur og Facebook. Ég kys að standa fyrir utan ímyndarleikinn á Facebook einfaldlega af því að mér fannst hann eiginlega of skemmtilegur. Ég eyddi of miklum tíma í þetta og þegar það var mikið að gera hjá mér þá fór eini frítíminn minn í Facebook og það er náttúrlega bara rugl.

Þá hætti ég en það er mjög flókið að hætta á Facebook, sko praktískt séð. Ég fór inn á Facebook og leitaði þar að því hvernig ég gæti hætt og það kom eitthvað „delete my account“ í svona 37. leitarniðurstöðunni. Svo fær maður endalaust af spurningum eins og: „Ertu alveg viss um að þú viljir hætta?“ og eftir það koma upp myndir af fullt af vinum manns undir yfirskriftinni „þessir eiga eftir að sakna þín – ætlarðu samt að hætta?“ Svo meira að segja eftir að maður er búinn að komast í gegnum þetta, þá koma lokaskilaboðin: „Ókei, þú mátt hætta, en við ætlum að geyma reikninginn þinn í hálf ár ef þér skyldi snúast hugur.“ Þetta er klikkað, maður þarf sem sagt að vera mjög ákveðinn til að hætta.

**Ég man líka eftir að hafa hugsað að ég vildi alls ekki fá mér tattú því það gæti mögulega komið niður á mér í leiklist...**

**Eftir menntaskóla fórst þú í Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Hvernig vildi það til?**

Það var bara eitthvað sem mér fannst mjög sniðugt. Ég komst ekki inn í leiklistina í fyrstu tilraun en mig langaði samt ekki að fara að læra neitt í HÍ eða eitthvað því ég var staðráðinn í að reyna aftur við leiklistina. Mig hafði langað lengi í Hússtjórnarskólann og sé alls ekki eftir því. Ég er vanur að mæla alltaf með þessu þegar ég tala við einhvern sem er að útskrifast úr menntaskóla.

**Hvað situr helst eftir?**

Þar lærði ég að þora að elda, laga fötin mín og þvo þvott. Núna þori ég að taka skrefin og gera mistök.

**Nú er skólinn staddur í Reykjavík en samt varst þú á heimavist.**

Já, það var algjör snilld. Þetta var heimavist á besta stað í bænum sem kostaði bara 10.000 kr. á mánuði. Þar vorum við, ég og tólf stelpur. Það var mjög skemmtilegt, við tókum oft spólukvöld þarna á heimavistinni og svo mátti maður alltaf borða afgangana af því sem hafði verið eldað eða bakað í skólanum.

**Þú ferðaðist líka til Kína eftir menntaskóla. Var það skóli út af fyrir sig?**

Já, það var eitthvað sem breytti mér sem manneskju. Þar varð ég vitni að bágun kjörum fólks og fékk síðan mikið menningarsjokk þegar ég kom til baka sem hefur í raun fylgt mér síðan. Maður hættir að væla og kvarta yfir hlutunum eftir svona, það er mjög hollt.

**Þú segist hafa snemma sett stefnuna á leiklistina en komst hins vegar ekki inn í leiklistarskólann í fyrstu tilraun. Var það mikið áfall?**

Já, það var það en það var líka mjög hollt. Mér hafði alltaf gengið rosalega vel í leiklistinni, til dæmis í menntaskóla, og alltaf fengið „já“. Þegar ég fékk svo „nei“ þurfti ég þá að hugsa þetta aðeins nánar og átta mig á því af hverju mig langaði svona mikið til að verða leikari. Síðan mætti ég aftur í inntökuprófið alveg staðráðinn í þessu og miklu betur undirbúinn. Í dag er ég þess vegna mjög þakklátur fyrir að hafa fengið höfnunina í fyrra skiptið, því það gaf mér tækifærið til að fara í Hússtjórnarskólann og til Kína auk þess sem ég áttaði mig betur á því hvað mig langaði að gera í leiklist.

Eftir útskrift frá LHÍ komst þú beint á samning hjá **Borgarleikhúsinu**. Var þitt fyrsta verk að byrja að sleikja **Hilmi Snæ** og **Ingvar E. upp á fullu**?

Alls ekki (hlær). Ég var auðvitað bara rosalega spennur fyrir vinnunni í *Borgarleikhúsinu* og það eru bara forréttindi að fá að vinna með öllu þessu fólki sem ég hef fengið að vinna með. Ég var samt alveg svolíttill

## HILMAR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 011084.

Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun: Dóttir mín.

Það sem veidur mér helst hugarangri þessa stundina: Ég er óþreyjufullur af því að ég er að bíða því að fá nýja espresso-kaffivél.

Erfiðasta hlutverk til þessa: Það hefur líklega verið Alexander í *Fanný* og Alexander. Mér fannst erfiðt að leika 13 ára strák.

Æskuátrúnaðargóð: Robbie Fowler



jákvæður fyrir þetta, mér fannst allt bara fínt (hlær). Ég var meira svona: „Þessi gaur, hann er bara mjög finn – og þessi gaur er líka flottur,“ í staðinn fyrir að vera eitthvað að hrauna yfir menn. Ég hékk ekki lengi inni í þessu en mér finnst ennþá gaman að semja texta og svona.

**Þú hefur sem sagt ekkert verið að dreifa lögunum þínum á IRC-inu eða eitthvað?**

Nei, reyndar ekki en ég var samt mjög duglegur á IRC-inu. Ég notaði „taggnafnið“ mitt Zear, sem er orð sem ég bjó til.

**Hvort hefur IRC-ið eða Facebook skipað stærri sess í þínu lífi?**

Ég er ekki á Facebook lengur, ég var bara í nokkra mánuði og hætti svo. Ég hugsa að ég verði því að segja IRC-ið. Það er einhvern veginn ekki alveg jafnmikill ímyndarleikur og Facebook. Ég kys að standa fyrir utan ímyndarleikinn á Facebook einfaldlega af því að mér fannst hann eiginlega of skemmtilegur. Ég eyddi of miklum tíma í þetta og þegar það var mikið að gera hjá mér þá fór eini frítíminn minn í Facebook og það er náttúrlega bara rugl.







## Síðasta sem ég...

**Síðasta borg sem ég heim-sótti fyrir utan landsteinana:** Ég fór til Vilnius í Litháen á kvikmyndahátíð með myndina Á annan veg. Það er ótrúlega falleg borg.

**Síðasti veitinga-staður sem ég borðaði á:** Það er alltaf Hamborgarabúllan.

**Síðasti hlutur sem ég keypti mér:** Ég keypti mér vínplötu með Boney M.

**Síðasta bíómynd sem ég horfði á:** Ég sá jólamyndina Scrooged með Bill Murray um daginn. Hún var ekkert spes.

**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Í morgun við dóttur mína.



kjúklingur fyrst en ég reyndi samt að hrista af mér feimni og slíkt. Ég finn allavega í dag að ég hef aðeins þroskast í starfi. Ég er bara rosalega ánægður með að vera í leiklist og ég vil breyta heiminum á hverju kvöldi.

#### Þú fórst með aðalhlutverk í myndinni Á annan veg sem kom út haustið 2011. Heillar bíómyndaleikur þig jafnmikið og leikhúsið?

Ég er fyrst og fremst í leiklist til þess að segja sögur og hafa áhrif með þeim, svo það skiptir mig eiginlega ekki máli hvort það sé á sviði, á bíótjaldi eða bara í útvarpi. Þetta heillar mig allt.

#### Hvernig horfir leikur í auglýsingum við þér? Hvað þyrfti að borga þér mikið fyrir að leika í auglýsingu á „Ichiban – lipstíck for men“, eins og Joey í Friends?

Ég hef alveg leikið í auglýsingum en hef líka hafnað tilboðum um slíkt. Ég hugsa að ég myndi ekki leika í Ichiban-auglýsingu, sorri, maður. Ef ég ætti að velja einhverja sérstaka svona vöru þá myndi ég leika í auglýsingu fyrir Konráðs Gæðaklistur, sem er einmitt varan sem ég nota í hárið á mér. Hún er reyndar ekki enn komin á markað, ég kaupir sem sagt hárvörur á svörtum markaði þessa dagana.

#### Einhvers staðar las ég það sett fram í gríni að myndin væri sú fyrsta héraendis til að fá fleiri stjörnur frá gagnrýnendum og viðurkenningar á hátíðum heldur en bíógesti. Fannst þú fyrir þessu?

Já já, ég veit að það fóru ótrúlega fáir á myndina í bíó, þótt ég viti ekki nákvæmlega hversu margir sáu hana. Ég veit allavega að mamma og pabbi fóru að sjá hana (hlær). Ég veit ekki af hverju en hún hitti einhvern veginn bara illa á. Ég hef líka þælt aðeins í þessu eftir að ég eignaðist mitt fyrsta barn, að markhópur myndarinnar var kannski einmitt fólk sem er nýkomið með eitt barn og sá hópur fer ekkert í bíó. Nei nei, annars velti ég mér ekki upp úr þessu. Ég er löngu búinn að fá allt sem ég ætlaði mér að fá út úr þessari mynd og það kom enginn út í mínus. Annars er hún nýkomin út á DVD núna svo að barnafólkið getur loksins séð hana.

#### Það var einkum fyrir frammistöðu þína í þeirri mynd sem þú fékkst Shooting Star-verðlaun, þar sem þú varst sem sagt útnefndur sem

#### einn af tíu efnilegustu leikurum Evrópu. Hefur það haft eitthvað fleira í för með sér?

Þetta var alveg tjúlluð ferð. Það var alveg megaglamúr, kampavín allan sólarhringinn, endalaust af viðtölum og einhver glænýr Austin Mini með einkabílstjóra sem var merktur mér. Það var náttúrulega rosalegur heiður að fá þessa útnefningu en ekki síður fannst mér áhugavert að fara þarna út og smakka aðeins á þessu umhverfi. Þarna var ég dreginn á milli einhverra útsendara frá kvikmyndaframleiðendum og maður fattar strax að þessi heimur byggist náttúrulega fyrst og fremst á rosalega miklu framapoti, það er rosaleg vinna að koma sér áfram og ég er ekki spenntur fyrir því. Ég fékk þá tilfinningu að þetta væri þannig að ef maður ynni í þessu umhverfi, þá væri maður einhvern veginn aldrei að vinna heilshugar í núinu, heldur væri maður frekar að vinna í hverju verkefni fyrir sig með það í huga að það myndi fleyta manni eitthvað lengra.

#### Á þessu ári kemur út Hollywood-mynd sem er byggð á myndinni Á annan veg. Bíður þú spenntur eftir henni?

Ég hef fylgst með þessu með öðru auganu og spjallað eitthvað um þetta við Hafstein Gunnar sem leikstýrði myndinni. Ég fékk að lesa handritið og þeir eru mjög trúir okkar mynd en þeir fara fleiri orðum um margt en við hins vegar notuðum kannski þögnina aðeins meira. Það verður örugglega mjög myndið að sjá einhverja Hollywood-gaura útfæra þessa sögu.

#### Nú ferð þú með aðalhlutverk í Borgarleikhúsinu í jólasýningunni Mýs og menn. Þetta er auðvitað mjög frægt verk. Þegar þú fréttir af því að það ætti að setja það upp á þessu leikári, kviknaði þá strax áhugi hjá þér að fá að vera með?

Já, það var akkúrat þannig. Mig langaði fyrst og fremst að vera með vegna leikstjórans, Jóns Páls Eyjólfssonar, og aðstoðarleikstjórans, Jóns Atla Jónssonar. Mér fannst ótrúlega spennandi tilhugsun að fá að vinna með þeim, mér var eiginlega sama hvað ég myndi fá að leika. Það gekk eftir og þetta hefur síðan verið alveg frábært, hópurinn hefur verið frábær. Ég hef filað mig virkilega vel í þessu, hef verið eins og svín í skít. Við unnum mjög hörðum höndum að þessu og mér finnst við persónulega vera að skila þessari sögu mjög vel af okkur. Jón Páll og Jón Atli nálgudust verkið með mjög góðan skilning og þeir náðu að smita okkur af því.

#### Á köflum stendur sýningin og fellur með samleik milli ykkar Ólafs Darra á sviði. Þurftuð þið að rækta samband ykkar eitt-hvað utan leikhússins með því að horfa

#### saman á vídjó á kvöldin eða hittast á kaffihúsi til að ná fram góðu sambandi?

Við ætluðum nú alltaf að gera eitthvað svoleiðis en svo fannst okkur þetta ganga bara það vel að það kom aldrei til þess. Við sátum nú kannski alveg saman í hádegismat og svona og tengdum þannig en annars er nú rosalega þægilegt að leika á móti Darra, hann er svo opinn og tengdur. En þetta er alls ekkert okkar tveggja, leiklist er hópíprótt.

#### Maður heyrir að þú ert sáttur í þeim sporum sem þú ert í dag, en hvort finnst þér samt líklegra að á næstu fimm árum spilir þú leik fyrir meistaraflokk KR eða fáir þér tattúíð sem þú ákvaðst að fá þér aldrei?

Ef ég spila meistaraflokksleik, þá fæ ég mér tattúíð.

Ég er bara rosalega ánægður með að vera í leiklist og ég vil breyta heiminum á hverju



## SMÁA LEIÐIÐ

### KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Home Alone.

Myndin sem ég felli tár yfir: Ég græt oft þegar gamalt fólk er ástfangið í bíómyndum.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Forgetting Sarah Marshall.

Upphaldsmyndin mín í æsku: Mask.

Versta mynd sem ég hef séð: Mask.



### TÓNLIST

Lagið í upphaldi þessa stundina: Ég var að hlusta á Private Dancer með Tinu Turner í morgun.

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina: Ignition með R. Kelly

Lagið sem ég fíla í laumi: Telephone með Lady Gaga feat. Beyoncé

Lagið sem ég syng í karóki: Delilah með Tom Jones eða What's Up með Four Non-Blondes.

Nostalgiulagið: Lagið M.E.T.H.O.D. Man með Wu-Tang Clan.



### FORM OG FÆÐI

Upphaldsmatur: Hvers kyns lambakjöt.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Boost.

Versti matur sem ég hef smakkað: Osturinn Gamle Ole.

Líkamsræktin mín: Fótbolli.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Bikarmeistari í fótbolta í 3. flokki.



ÚTSALA

ÚTSALAN ER Í  
FULLUM GANGI!

© Inter IKEA Systems B.V. 2013



Verzlun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)

TÖLVULEIKUR



**Devil May Cry**  
**AAAAA**  
 Tegund: Hasarleikur  
 PEGI merking: 18+  
 Útgefandi: Capcom  
 Dómar: 8,9 af 10  
 - Gamesmaster UK  
 9 af 10  
 - Xbox 360 Magazine

## Djöfulsins engill

Dante hefur þvælst með á bakinu þann böggul að vera sonur satans í gegnum Devil May Cry leikina frá 2001. Nú hafa framleiðendur leikjanna hinsvegar ákveðið að ýta á hinn rómaða „reset“ takka og fríska sérínuna upp og er útkoman DmC Devil May Cry. Sem fyrr fara leikmenn í hlutverk Dante sem er orðinn svalari en allt, en hann er mættur í borgina Limbo og er ætlunarverk hans að fylla allskyns djöfla og kvikindi af blýi og hefur hann sér til aðstoðar dúndur mega skvísuna Kat sem fer fyrir samtökunum The Order, en þau hafa það á stefnuskrá sinni að drepa djöfla.

Spilun leiksins virkar fátíðlega vel, hann minnir um margt á leiki á borð við God of War. Dante er vopnaður byssunum sínum tveimur, sverðum og vopnum sem eiga uppruna sinn í djöfullegum eða engilfögurum kröftum. Auk þessa geta leikmenn notað „trigger“ sem opna fyrir helling af fleiri brögðum og nýtast líka vel í platform-hlutum leiksins. Leikmenn safna punktum í gegnum leikinn sem nota má nota til að uppfæra nánast allt, bæði vopn og hæfileika. Þarna fá leikmenn mikið frelsi og skiptir þetta sköpum í spiluninni. Borð leiksins eru mjög stórbrotin og allir helstu óvörnir eru vel gerðir og margir hverjir hrikalega stórir og illvígir. Capcom fyrirtækið sem framleiðir leikinn hefur ákveðið að fara „all-in“ og eru fjölmörg VÁÁÁ móment í leiknum sem skildu eftir slef í munnvikunum og minnti mann á hvað gaman er að spila svona þriðju-persónu hasarleiki.

Grafík leiksins er stórgóð og þá sérstaklega hversu hömlulausir hönnuðir leiksins hafa verið við gerð hans og mæta með allskyns rugl sem maður hefur aldrei séð áður. Tal- og hljóðsetning er til fyrirmyndar og hjálpa vel við að skapa stemminguna.

Þessi dans við djöfulinn er sá skemmtilegasti sem ég hef stigið í langan tíma og frábært að leikjaárið byrji svona vel. Það gefur góð fyrirheit.



ÓLAFUR ÞÓR  
JÓELSSON



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

## Jack Reacher

Jack Reacher er söguhetjan í bókum breska rithöfundarins Lee Child. Þessi eins manns her lifnar nú við á hvíta tjaldinu í meðförum Toms Cruise, en leikstjóri og handritshöfundur er Óskarsverðlaunahafinn Christopher McQuarrie sem gerði meðal annars myndina The Way of the Gun og skrifaði handritið að The Usual Suspects, svo eitthvað sé nefnt. Jack er fyrrverandi herlögreglumaður og á að baki reynslu og þjálfun sem gerir hann nánast ósigrandi í návígi. Hann var þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir í rannsókn mála og átti af þeim sökum ekki alltaf upp á pallborðið hjá yfirmönnum sínum. Leyniskytta kemur sér fyrir í bæjarturni einum og hefur skothríð með þeim

**Leikstjóri:** Christopher McQuarrie.  
**Aðalhlutverk:** Tom Cruise, Rosamund Pike, Robert Duvall, Richard Jenkins, Jay Courtney og Werner Herz.  
**Lengd:** 130 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Keflavík, Akureyri, Laugarásbíb, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíb Sauðárkróki og Ísafjarðarbíb.

afleiðingum að fimm manns liggja í valnum. Fljótlega er lögreglan búin að handtaka James Barr sem heldur fram sakleysi sínu og biður um að kallað verði á Jack Reacher til að rannsaka málið og hreinsa sig af sök. Þegar Jack mætir á svæðið er hann fljótur að komast að því að hér hangir svo sannarlega ýmislegt gruggugt á spýttunni.

Tónlistarhátíðin Sónar í Hörpu

## Sónar á betra verði með Fékortinu

Fékortshafar geta nú nælt sér í miða á tónlistarhátíðina Sónar Reykjavík með 10% afslætti. Tilboðið gildir til miðnættis á morgun, 11. janúar.

Almennt verð 14.900 kr.  
 Fékortsverð 13.500 kr.

Þú færð miða á [www.fekort.is](http://www.fekort.is)

Nánari upplýsingar um hátíðina á [www.sonarreykjavik.com](http://www.sonarreykjavik.com)



KREDITKORT



[facebook.com/monitorbladid](http://facebook.com/monitorbladid)

KVIKMYND


## Hjartnæmt og skemmtilegt 3D-undur

Life of Pi er nýjasta mynd Ang Lee, sem fékk Óskarsverðlaun fyrir Brokeback Mountain og var tilnefndur fyrir Crouching Tiger, Hidden Dragon. Myndin byrjar á því að Pi Patel fær rithöfund í heimsókn sem hafði frétt að Pi gæti sagt honum sögu sem fengi hann til að trúá á Guð. Pi fellst á að segja honum sögu sína, sem er stórbrotin æviminning.



ÍVAR ORRI  
ARONSSON

Saga hans hefst í Indlandi þar sem hann býr ásamt foreldrum sínum og bróður. Faðir hans á dýrgarð og elst Pi upp við að hjálpa til og sinna dýrunum. Þegar Pi er kominn á unglingsaldur neyðist fjölskyldan til að flytjast búferlum til Kanada og flytja þau dýrin með sér. Þau ferðast sjóleiðis og eina



nóttina skellur á stormur. Skipið sekkur og er Pi sá eini sem lifir af, fyrir utan fullvaxið tigrisdýr. Hann þarf að halda sér á lífi á björgunarbáti sem rekur stefnulaust um hafid, og hann þarf að passa sig á tigrisdýrinu. Hann lendir í hinum ýmsu hrakföllum og sér ótrúlega hluti sem fæstir lifa til að segja frá og eru þessi ævintýri söguvið myndarinnar.

Leikarahópurinn er ekki stór, enda gerist myndin að mestu leyti á björgunarbátum þar sem Pi er einn síns liðs. Suraj Sharma fer með hlutverk Pi og fer þessi alveg óreyndi strákur gjörsamlega á kostum í sinni fyrstu kvikmynd. Hann fær mann svo auðveldlega með sér í lið og maður finnur til með honum alla myndina. En stærsta hlutverkið er í höndum náttúrunnar og tæknibrellna. Og á leikstjórn og brellufólkið mikið hrós skilið. Að sjá þessa mynd í 3D er sérstök upplifun og mæli ég með því að fólk sætti sig við gleraugun í þetta skipti, og er ég alls ekki aðdáandi 3D-mynda. Þetta er ein af þessum myndum þar sem 3D gerir svo margt fyrir myndina. Ég mæli eindregið með Life of Pi fyrir alla þá sem vilja sjá skemmtilega og fallega sögu.

AAAAA



## TÓNLISTINN

Vikan 3. janúar - 9. janúar 2012

- 1 **Retro Stefson**  
Retro Stefson
  - 2 **Valdimar**  
Um stund
  - 3 **Moses Hightower**  
Önnur Mósebók
  - 4 **Sigurður Guð. & Memfismafian**  
Okkar menn í Havana
  - 5 **Hjaltalín**  
Enter 4
  - 6 **Jónas Sigurðsson**  
Þar sem himin ber við haf
  - 7 **Of Monsters And Men**  
My Head Is An Animal
  - 8 **Ásgeir Trausti**  
Dýrð í dauðabögn
  - 9 **Megas**  
Megas raular lögin sín
  - 10 **Steindór Andersen & Hilmar Örn**  
Stafnbúi
- 11 **Ýmsir Pottþétt 58** 12 **Sigur Rós** Valtari  
 13 **Tilbury Exorcise** 14 **Ojba Rasta** Ojba Rasta  
 15 **Sverrir Bergmann** Fallið lauf  
 16 **One Direction** Take Me Home  
 17 **Samaris Stofnar** falla EP 18 **Samúel**  
 Jón Samúelsson Big Band 4 hljóðar  
 19 **Ýmsir Áramóta - og þrettándagleði**  
 20 **Dimma** Myrkraverk 21 **Kiryama Family**  
 Kiriyama Family 22 **Pétur Ben** God's  
 Lonely Man 23 **Bjarni Arason** Elvis Gospel  
 24 **Samaris** Hljóma þú 25 **Nýdönsk** 25 ára  
 afmælistónleikar 26 **Þórunn Antonía** Star  
 Crossed 27 **Ýmsir** Hot Spring: Landmanna-  
 laugar 28 **Úr leikriti** Dýrin í Hálsaskógi  
 (2012) 29 **Stuðmenn** Astraltrerta 30 **Ýmsir**  
 Minningartónleikar um Elly Vilhjálm

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur sölutölur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



## LAGALISTINN

Vikan 3. janúar - 9. janúar 2012

- 1 **Retro Stefson**  
Julia
  - 2 **Blaz Roca / Ásgeir Trausti**  
Hvítir skór
  - 3 **Labrinth / Emeli Sandé**  
Beneath You're Beautiful
  - 4 **Valdimar**  
Yfir borgina
  - 5 **Jónas Sigurðsson**  
Hafið er svart
  - 6 **Ásgeir Trausti**  
Nýfallið regn
  - 7 **Moses Hightower**  
Háa C
  - 8 **Bruno Mars**  
Locked Out Of Heaven
  - 9 **Rihanna**  
Diamonds
  - 10 **Ed Sheeran**  
Give Me Love
- 11 **Retro Stefson** Glow 12 **Of Monsters**  
 And Men Mountain Sounds 13 **Pink** Try  
 14 **Adele** Skyfall 15 **Olly Murs / Flo Rida**  
 Troublemaker 16 **Sigurður Guðmundsson**  
 & Memfismafian Síðasti mótótinn  
 17 **Ásgeir Trausti** Dýrð í dauðabögn  
 18 **Asaf Avidan** One Day 19 **Valdimar** Sýn  
 20 **Sverrir Bergmann** Eg fer ekki neitt  
 21 **Mumford & Sons** I Will Wait 22 **Imagine**  
 Dragons It's Time 23 **Hjaltalín** Myself  
 24 **Adele** One And Only 25 **Ásgeir Trausti**  
 Leyndarmál 26 **Ojba Rasta** Gjafir jarðar  
 27 **The Lumineers** Ho Hay 28 **Imagine**  
 Dragons Radioactive 29 **David Guetta /**  
 SIA She Wolf 30 **Robbie Williams** Candy

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



**TÓNLIST**  
FREYR ÁRNASON

# Bowie snýr aftur

8. janúar síðastliðinn, eða á 66 ára afmæli sínu, gaf **David Bowie** út tilkynningu þess efnis að ný plata væri væntanleg með vorinu. Þar að auki gaf hann út fyrsta singúl sinn frá árinu 2003, lagið **Where Are We Now**.



**K**om út úr skápnunum í blaðaviðtali 1972 þrátt fyrir að vera kvæntur maður á þeim tíma. Seinna sagðist hann þó vera tvíkyndneigður. Enn seinna sagðist hann vera algerlega gagnkyndneigður. Oft er talað um skápahomma, en Bowie lýsti sér sem skápagagnkyndneigðum. Hann hafi einungis verið að elta strauma þess tíma.



**B**owie vill meina að hann hafi tekið tunglgöngunum (e. moonwalk) mörgum árum á undan Michael Jackson. Nákvæmlega 9 árum áður eða árið 1974 hafi danshöfundar hans fundið upp á því.

**T**veimur árum áður en Metallica og Dr. Dre hófu málaferli gegn Napster fyrir dreifingu á tónlist á netinu varð David Bowie fyrsti tónlistarmaðurinn til að nýta sér netið til að gefa út tónlist. Árið var 1997 og lagið var Telling Lies.



**Á**rið 2000 sagði David Bowie nei takk við heiðursorðu bresku krúnunnar. Þremur árum seinna bætti hann um betur og neitaði því að vera sæmdur riddaratign.



**Þ**egar ný köngulóartegund fannst í Malasíu árið 2009 var henni gefið nafnið Heteropoda Davidbowie.



**H**erra Bowie er þríkvæntur, tvisvar kvæntist hann þó sömu konunni.



**Ú**r fyrsta hjónabandi hans, sem stóð yfir frá 1970 til 1980, kom sonurinn Zowie. Svona til vara var hann líka skírður Duncan Jones, en rétt eftirnafn David Bowies er Jones. Zowie Bowie er því miður þekktari undir nafninu Duncan Jones og starfar sem leikstjóri.

**E**itt af frægari lögum hans, Space Oddity, var spilað á BBC þegar tunglendingunni var sjónvarpað. Það sem dagskrárgerðarmönnum yfirást líklegast var að lagið fjallar um geimfara sem fer út í geim, en kemst síðan ekki heim.



**BOWIE Í TÖLUM**

The Next Day verður **30.** stúdíóplata hans. Telur **13** lög. Inniheldur **3** bónúslög. Fyrsta plata hans í **10** ár. Gaf út tilkynningu um hana á **66** ára afmæli sínu. **8** lög hafa náð toppsæti vinsældarlista. **14** tónleikaferðalög á **30** árum. Hefur selt í kringum **140** milljónir hljómpatna.



**D**avid deitaði á tímabili móður Slash, gítarleikara Guns N'Roses. Slash missti eitt sinn út úr sér að 8 ára gamall hafi hann óvart gengið inn á þau.



**2**004 fékk hann vægt hjartaáfall sem varð til þess að hann hætti alfarið að gera tónlist og sneri sér að annarri listsköpun eins og að mála og skrifa.

IMMO ER BARA  
MYNDAÐUR UTANDYRA

# Fatastíll endurspeglar persónuleika

**Stíllinn** hitti **Ivar Schram** tónlistarmann á dögnum eða **IMMO** eins og hann er oft kallaður, en hann gaf út sína fyrstu sólóplötu, *Barcelona*, í lok síðasta árs. Stíllinn fékk **IMMO** til að sýna okkur nokkra af sínum uppáhaldshlutum.

## Hvað ert þú að gera þessa dagana?

Þessa dagana er ég að skrifa lokaritgerð í háskólanum, fylgja plötunni eftir og taka upp nýtt efni með hljómsveit minni Original Melody. Þess á milli reyni ég að rækta líkamlega og andlega heilsu með hreyfingu og návist góðra vina.

## Nú gafst þú út plötuna *Barcelona* í lok síðasta árs, hvernig hefur hún gengið?

Mikið rétt. Ég hef fengið mjög góðar mót-tökur við plötunni. Reyndar hef ég ekki fengið neina gagnrýni um plötuna en þetta fer allt saman mjög vel og skemmtilega af stað.

## Hvað er uppáhaldslagið þitt af plötunni?

Það er erfitt að segja. Þótt ég eigi ekki börn þá get ég ímyndað mér að þetta sé eins og að velja á milli þeirra. En ég er hvorki landsliðsmaður í fótbolta né handbolta svo ég verð víst að segja Dear Dad. Ekki bara vegna útkomu lagsins heldur einnig vegna þess hversu skemmtilegur dagurinn var þegar ég tók þetta lag upp með Fonetik, sem pródúsar einmitt lagið.

## Það var mikið talað um útgáfutónleikana þína og hvað þeir heppnuðust vel, stefnirðu á að halda fleiri tónleika á næstunni?

Já, alveg pottþétt. Mér hefur alltaf fundist eitt af því skemmtilegasta við tónlistina að spila á tónleikum. Mín reynsla af tónleikum hefur líka haft mikil áhrif á hvernig ég sem og skrifa lög og eru mörg lög á *Barcelona*-plötunni að miklu leyti samin fyrir tónleika. Það verður samt erfitt að toppa útgáfutónleikana en ég mun auðvitað gera mitt besta.

## Þælir þú mikið í tísku?

Já, vissulega. Mér hefur alltaf fundist tíska og fatastíll endurspeglar persónuleika og innri mann mannsins.

## Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Ég er nú ekkert sérstaklega hrifinn af því að setja sjálfan mig í einhvern ákveðinn flokk, en ætli ég sé ekki nokkuð einfaldur, fágaður með skopparaívaði, ívari. Þú getur líka fengið að sjá betri mynd af stílnum mínum og jafnvel stolið einhverju af honum því ég ætla að selja úr fataskápnunum mínum í kolaportinu næsta laugardag.

## Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég er hrifnastur af því að kaupa mér föt í útlöndum og á netinu. Síðustu ár hefur mér fundist frekar lítið framboð af flottum karlmannsflikum hér á landi. Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, Noland og Morrow standa þó alltaf fyrir sínu.

## Hvað myndir þú segja að væri ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnunum fyrir veturinn?

Timberlands, föðurland og dúnvesti. Svo er einnig afar mikilvægt að eiga eitt stykki "Pocket Full of Dimes"-bol.

## Hvað er framundan hjá þér í vetur?

Það sem er framundan hjá mér í vetur er að klára þessa blessuðu lokaritgerð mína og taka upp nýtt efni með Original Melody. Svo ætla ég að spila á hinum ýmsu tónleikum og fylgja plötunni eftir.



# stíllinn

Lisa Hafliðadóttir  
lisa@monitor.is



**LAMPI** Amma og afi áttu þennan lampa. Skermurinn er reyndar löngu glataður en það breytir því þó ekki að lampinn sjálfur er mjög fallegur.



**JAKKI** Þennan jakka keypti ég mér í Kaupmannahöfn. Einstaklega praktískur jakki sem passar við flest tilefni.



**GULLKEÐJA** Ég safnaði gullkeðjum á sínum tíma. Svo fengu hinir og þessir vinir mínir keðjurnar lánaðar og hef ég aldrei séð þær aftur. Þetta er eina keðjan sem ég vildi engum lána og fær hún aðeins að hanga á mínum háls við sérstaklega góð tilefni.



**BEATS** Tónlist varð einfaldlega betri eftir að ég fékk þessi. Þessa dagana er ég að blasta Vélrænn með Frikka Dór og efast ég um að hann geri sér grein fyrir hversu vel hann hljómar í mínum eyrum.



**SKÓR** Þessa skó fékk ég í jólagjöf frá kærustu minni og eru þeir í miklu uppáhaldi. Mér skilst að hún hafi fengið þá í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.



**ÍÞRÓTTATREYJA** Í þessari treyju spilaði Roberto Baggio fyrir Juventus. Hún er reyndar eins og magabólur á mér því ítali eru mjög lágvaxnir. Hún fær því bara að hanga uppá vegg.



**KÍNVERSKT POSTULÍNSSTELL** Ég er ekki mikill kaffimaður en í einu skiptin sem ég fæ mér kaffi þá drekk ég úr þessu bollastelli og skála fyrir afa mínum og ömmu sem áttu þetta fina kínverska postulínsstell.

Myndir/Ómar

# Fær innblástur frá vinkonunum

**Hildur Helga Pétursdóttir** er 21 árs og stundar nám við Tækniskólann þar sem hún er á hönnunarbraut. Hildur hefur skemmtilegan og flottan fatastíl sem hún deilir hér með lesendum.

**Fær innblástur frá vinkonunum**

Hildur Helga Pétursdóttir er 21 árs og stundar nám við Tækniskólann þar sem hún er á hönnunarbraut. Hildur hefur skemmtilegan og flottan fatastíl sem hún deilir hér með lesendum.

**Hver er Hildur Helga Pétursdóttir?**

21 árs ljóshærð stelpa með frekjuskarð sem sér lífið í skemmtilegu ljósi.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?**

Í augnablikinu er stillinn minn frekar 90's í bland við smá-rokk. Ég elska háar buxur, stutta plein boli og allt sem er með kögri. Ég er líka sjúk í leðurföt og yfirhafnir og á m.a. ágætis safn af gömlum pelsum frá ýmsum tímum.

**Hefur þú mikinn áhuga á tísku?**

Já, hef mjög gaman að spá í tískuna. Sérstaklega fylgist ég vel með götutískunni sem er mjög flott hér á Íslandi, bæði hjá stelpum og strákuum. Það er nóg að gera í þessum bransa og alltaf eitthvað nýtt og spennandi að koma á markaðinn.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?**

Ég versla bæði héna heima og í útlöndum. Erlendis eru uppáhalds-búðirnar mínar Urban Outfitters og H&M, svo er ég mjög skotin í fötum frá American Apparel, mér finnst ég vera kominn á heimavöll þegar ég geng inn í þá búð. Fötin þar eru svo einföld, þægileg og flott í sniðinu. Á Íslandi eru vintage-búðirnar uppáhalds, þar er alltaf hægt að finna eitthvað einstakt. Einnig er háloftið mitt algjör snilld.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?**

Sumarið er klárlega minn tími. Þá getur maður skellt sér í stuttbuxur, bol og strigaskó, sett á sig sógleraugu og armbönd og þá er maður Ready to go! **Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnum í vetur?**

Föðurland! Stóran og kósý feld, töff stígvél og hlýja húfu.

**Hver hafa verið þín verstu tískumistösk?**

Ætli það hafi ekki verið rauða húfan mín með Tweedy-merkinu framan á sem ég var með í mörg ár voða ánægð. Það var soldið hlegið að henni en mér fannst hún svo flott, en það endaði með því að ég fór að snúa henni öfugt. Greyið Tweedy!

**Hver er best klædda kona í heimi?**

Ég held mikið upp á vinkonu mína Carrie Bradshaw, svo eru Sienna Miller og Kate Moss í miklu uppáhaldi hjá mér, þær eru alltaf flott klæddar. Fæ líka innblástur frá vinkonum mínum sem eru hver annarri fatasjúkari.

**Er eitthvað skemmtilegt á döfnni hjá þér?**

Já stefni á skíðaferð til Akureyrar. Síðan lýk ég stúdentsprófi í maí. Ég er líka farinn að hlakka til sumarsins en geri ráð fyrir því að ferðast bæði innanlands og utan, en fyrst verð ég að finna einhverja flotta vinnu sem borgar vel, býð bara eftir tilboðum.

**Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar?**

Ég er með eitt vinkonutattu á úlnliðnum en ef ég yrði að fá mér annað þá væri það einhver skrautlegur fill, kannski Ganesh.



**UPPÁHALDS**  
KJÓLL - PÓLLANDI  
BUXUR - VERO MODA  
JAKKI - SECOND HANS  
SKÓR - GS SKÓR



**ÚT Á LÍFIÐ**  
BOLUR - GJÖF FRÁ THAILANDI  
PILS - ZARA  
SKÓR - MANÍA



**HVERSDAGS**  
BOLUR - AMERICAN APPAREL  
BUXUR - CHEAP MONDAY  
JAKKI - H&M  
SKÓR - TOPSHOP



**SKÓLA DRESS**  
BOLUR - RWS CREW  
BUXUR - CHEAP MONDAY  
JAKKI - HÁLOFTIÐ GAMLA GÓÐA  
SKÓR - DR. MARTENS

Kassagítarar í miklu úrvali

Gæða hljóðfæri  
Sérfræðipækning  
Persónuleg þjónusta

**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn



— / ~~SWAR~~ OG ÍVAR —

# HÁMARK

PRÓTEINDRYKKUR